



Eigendastefna Strætó bs.



Stofnun og starfsemi Strætó bs byggir á ákvörðun eigenda fyrirtækisins um að vinna sameiginlega að rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að tryggja greiðan flutning almennings innan svæðisins og draga svo sem kostur er úr óæskilegum áhrifum vaxandi umferðar. Starfsemi Strætó bs. og rekstur almenningssvagnapjónustu er stór og mikilvægur þáttur í að sá árangur náist. Með sameiginlegum rekstri þessa þáttar almenningssamgangna leitast eigendur fyrirtækisins við að ná fram hagkvæmni í rekstri og nauðsynlegri samræmingu í aðgerðum eigenda. Eigendur Strætó bs. hafa með stofnun byggðasamlagsins undirgengist ákveðnar skyldur gagnvart hver öðrum, sem felast í að tryggja í sameiningu framgang þeirra markmiða sem fyrirtækini eru sett hverju sinni, og að virða þá heildarhagsmuni sem samstarfið grundvallast á. Eigendur eru sammála um að starfsemi Strætó bs skuli endurspeglu metnað sveitarfélaganna í samgöngu- og umhverfismálum og að í allri starfsemi byggðasamlagsins verði áhersla lögð á sjálfbæra þróun, vistværar lausnir og leiðandi hlutverk þess á sínu svíði. Til að tryggja sameiginlega sýn eigenda á þetta samstarf og skilvirka framkvæmd fyrirtækisins setja eigendur þess sér þá eigendastefnu sem birtist hér að neðan.

1. Um eigendastefnuna

Með skýrri stefnumörkun eigenda, vel skilgreindu hlutverki fyrirtækis, skýru umboði handhafa eigendavalds, stjórnar og framkvæmdastjóra, lýsingu á kröfum um stjórnunarhætti, ásamt markvissu eftirlitskerfi skapast fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga forsendur til að annast tiltekna starfsemi í þágu almennings.

Með skýrri eigendastefnu er leitast við að skýra hlutverk, ábyrgð og skyldur eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun. Þannig á eigendastefnan að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins.

Eigendur Strætó bs. setja fyrirtækini þessa eigendastefnu til að skilgreina fyrir stjórn, starfsfólk og öðrum hagsmunaaðilum hlutverk fyrirtækisins, markmið með rekstri þess, stefnu eigenda varðandi þjónustu, framtíðarsýn og fjárhagsleg markmið. Einnig að skýra umboð stjórnar og framkvæmdastjóra og kröfur eigenda um stjórnunarhætti, innra eftirlit, endurskoðun og fyrirkomulag eftirlits eigenda.

Eigendastefnan er sáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar á eigendafundi.

Eigendastefnan skal vera öllum aðgengileg.

2. Leiðarljós

Í starfsemi Strætó bs. skal áhersla lögð á trúnað við markmið með rekstri fyrirtæksisins, virðingu gagnvart umhverfinu og ábyrga nýtingu fjár. Strætó bs. kemur fram af heilindum og trausti og rækir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Fyrirtækið ber hag samfélagsins fyrir brjósti og umgengst umverfið, auðlindir og viðskiptavini og starfsfólk af virðingu. Fyrirtækið vill að litið verði til þess sem trausts samstarfsaðila, að eftirsóknarvert sé að nýta þjónustu þess og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélagini.


3. Hlutverk

3.1. Tilgangur

Megintilgangur Strætó bs. er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu sem leggja grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem það þjónar.

3.1.1. Kjarnastarfsemi

Meginverkefni Strætó bs. er að starfrækja almenningssamgangnaþjónustu á svæði eigenda sinna með samræmdu leiðakerfi og gjaldskrá. Strætó bs. getur einnig sinnt öðrum skyldum verkefnum þar sem það á við, samkvæmt ákvörðun stjórnar, enda séu þau í samræmi við stefnu þessa. Kostnaður og tekjur vegna slíkra verkefna skulu lagðar til samþykktar fyrir stjórn



4.2.2.

Stjórn Strætó bs. mótar tillögur að skiptingu kostnaðar við rekstur leiðakerfisins á milli eigenda og skulu þær lagðar fyrir eigendafund til staðfestingar.

4.2.3.

Við ákvörðun á framlögum eigenda og hlutdeild notenda í rekstrarkostnaði byggðasamlagsins skal framlögum ríkissjóðs vegna samnings um tilraunaverkefni til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og sérgreindum kostnaði vegna þess verkefnis haldið aðskildum í bókhaldi Strætó bs. þannig að þessir þættir hafi ekki áhrif þar á.

4.3. Áhættustefna

Fari fjárhæð einstakra nýrra skuldbindinga Strætó bs. yfir 5% af höfuðstóli skal viðkomandi skuldbinding lögð fyrir eigendafund til samþykktar áður en til hennar er stofnað. Með höfuðstóli er átt við bókfært eigið fé Strætó bs. samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi. Til skuldbindinga teljast m.a. ný lán, skuldbreytingar þar sem lánakjör eru lakari fyri samningum eða vegna kaupa, á fasteignum, eða búnaði.

Áður en ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar og fjárskuldbindingar ber stjórn byggðasamlagsins að meta áhættu sem í þeim kann að felast. Í samræmi við eigendastefnu ber að leggja ákvarðanir ásamt áhættumati fyrir eigendafund til að gera þeim kleift að meta þær í samræmi við hlutverk sitt sem ábyrgðaraðila.

Stjórn Strætó bs. leggur tillögu að almennri áhættustefnu með mælikvörðum og greinargerð fyrir eigendafund til staðfestingar.

5. Umboð og valdmörk

5.1. Sveitarstjórnir og handhafar eigendavalds

Handhafar eigendavalds Strætó bs. eru framkvæmdastjórar eigendasveitarfélaganna, nema sveitarstjórn taki ákvörðun um annað fyrirkomulag.

Umboð handhafa eigendavalds nær til hefðbundinna starfa á aðalfundum og eigendafundum. Standi til að taka veigamikla og/eða stefnumarkandi ákvörðun á fundi eigenda ber handhafa eigendavalds að sækja umboð til ákvörðunar til sveitarstjórnar.

Handhafar eigendavalds leitast við að efla upplýsta og lýðræðislega umræðu um málefni Strætó bs. á vettvangi sveitarstjórnna og á fundum eigenda.

5.2. Aðalfundur og eigendafundir

5.2.1. Aðalfundur

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum Strætó bs. Aðalfundur er opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmöldum og skal til hans boðað með tilkynningu til handhafa eigendavalds og fjölmölda með a.m.k. 2 vikna fyrirvara. Í tengslum við aðalfund skal halda ársfund opinn almenningi.

5.2.2. Dagskrá aðalfundar

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert og skal taka fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Strætó bs. síðastliðið starfsár.
2. Umhverfisskýrsla um starfsemi Strætó bs. síðastliðið starfsár.
3. Ársreikningur Strætó bs. fyrir liðið reikningsár, ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins, sem lagður er fram til staðfestingar.
4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
5. Umræður um önnur mál.

ásamt hefðbundinni rekstraráætlun fyrir ár hvert. Strætó bs. skal í allri starfsemi sinni gæta að samkeppnissjónarmiðum sem uppi kunna að vera hverju sinni.

3.1.2. Þjónustusýn

þjónustusýn Strætó bs. er að veita góða þjónustu og gæði til íbúa höfuðborgarsvæðisins, efla almenningssamgöngur og auka hagkvæmni þeirra. Þjónustusýn Strætó bs. byggist á því að íbúar kjósi að komast leiðar sinnar með strætó vegna þess að það sé hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel flíotlegrí kostur en að nota einkabíl.

Strætó bs. skal vera í fararbroddi við innleiðingu og notkun vistvænna farartækja og setja sér umhverfisstefnu í samræmi við viðurkennd umhverfisstíðrunarkerfi.

3.2. Starfssvæði

Meginstarfssvæði Strætó bs. er innan þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu. Verkefni annarsstaðar eru skoðuð út frá hlutverki fyrirtækisins, arðsemi og áhættu og skulu staðfest af eigendum áður en í bau er ráðist.

3.3. Rekstrarform

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu hverju sinni. Í stofnsamþykkt byggðasamlagsins skulu sett ákvæði um eigendahlutföll og atkvæðavægi við atkvæðagreiðslu á aðalfundi og eigendafundum byggðasamlagsins. Þar skal enn fremur skilgreina aðra þá þætti sem ákvæði sveitarstjórnalaga kveða á um vegna þessa rekstrarforms. Með þessu rekstrarformi eru fyrirtækini tryggðir kostir fyrirtækjaformsins um leið og það nýtur óskiptrar ábyrgðar eigenda á skuldbindingum bess.

3.4. Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Strætó bs. eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum eigendastefnu og starfsreglum stjórnar Strætó bs. sem og sannfæringu sinni, gæta almannahagsmuna og hagsmuna byggðasamlagsins.

4. Fiárhagsleq markmið

4.1 Ráðdeild

Stjórn og stjórnendum Strætó bs. ber að sýna ráðdeild í rekstri og fjárfestingum og hlíta starfsreglum og siðareglum stjórnar Strætó bs.

4.2. Rekstrarmarkmið og farqjaldastefna

421

Rekstur Strætó bs. skal á hverjum tíma miðast við að lágmarka kostnað eigenda og samfélagsins við úrlausn þeirra verkefna sem byggðasamlaginu eru falin, að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem sett eru í bjónustusýn og umhverfisstefnu bess.

bá skal enn fremur miða við að afkoma Strætó bs. hverju sinni skili eðlilegri ávöxtun af því fíarmagni sem eigendur hafa bundið í rekstri byggðasamlagsins.

Almennur rekstur Strætó bs. skal fjármagnaður með fargjöldum notenda annars vegar og framlögum eigenda hins vegar. Fargjaldastefna Strætó bs. skal grundvallast á því meginþjónarmiði að fargjaldatekjur standi undir 40% af almennum rekstrarkostnaði og framlög eigenda beri 60%. Stjórn Strætó bs. mótar gjaldskrá fyrirtækisins í samræmi við framangreint meginþjónarmið.

Jafnframt getur aðalfundur, eða eftir atvikum eigendafundur sem boðað er til milli aðalfunda, tekið ákvörðun um atriði sem eru veigamikil, stefnumarkandi eða óvenjuleg og stjórn Strætó bs. hefur vísað til eigenda.

5.2.3. Seturéttur og atkvæðisréttur

Tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi og eigendafundum hafa handhafar eigendavalds Strætó bs.

Vægi atkvæða á þessum fundum skal vera með sama hætti og tilgreint er í stofnsamþykktum byggðasamlagsins.

Málfreli á aðalfundi hafa allir fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, stjórn Strætó bs., framkvæmdastjóri, og endurskoðendur fyrirtækisins.

5.2.4. Eigendafundir

Eigendafund skal halda, ef þörf krefur á milli aðalfunda m.a. vegna móturnar fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagins sbr. gr. 5.2.5. Stjórn Strætó bs. og framkvæmdastjóri sitja alla jafna eigendafundi með málfreli og tillögurétt. Skrifstofa SSH annast boðun og undirbúning eigendafunda og varðveislu fundargerða, gagna og skjala vegna eigendafunda. Stjórn Strætó bs. getur óskað eftir eigendafundi. Eigendafund skal jafnframta halda að kröfu eigenda. Krafa um að eigendafundur verði haldinn skal gerð skriflega til skrifstofu SSH þar sem fundarefnið er tilgreint. Fundur skal þá boðaður með a.m.k. sjö daga fyrirvara. Boða til aukafundar með tilkynningu til hvers sameiganda í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt og skal fundarefnis getið í fundarboði. Um atkvæðagreiðslur, vægi atkvæða o.p.h. gilda sömu reglur og á aðalfundum.

5.2.5. Fjárhagsáætlun

Fyrir 15. ágúst ár hvert skal stjórn Strætó bs. leggja tillögu að meginforsendum fyrir fjárhagsáætlun fyrirtækisins fyrir eigendafund. Eigendafundur skal fyrir 1. september ljúka umfjöllun um tillöguna og samþykkja þær meginforsendur sem gilda eiga um fjárhagsáætlun fyrir tækisins næsta rekstrarár. Stjórnin mótar síðan fjárhags- og starfsáætlun fyrirtækisins í samræmi við þær forsendur.

5.3. Umboð stjórnar

5.3.1.

Stjórn Strætó bs. fer með málefni fyrirtækisins á milli eigendafunda og hefur eftirlit með að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við stefnu eigenda. Stjórn skal í því skyni tryggja skilvirka ferla um innra eftirlit og innri endurskoðun. Um hlutverk stjórnar er einnig vísað til ákvæða í stofnsamningi Strætó bs.

5.3.2.

Stjórn Strætó bs. samþykkir árlegar fjárhags- og starfsáætlanir sem framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að undirbúa og gera tillögu um. Fjárhags- og starfsáætlanir skulu unnar á grundvelli forsenda sem eigendafundur mótar fyrir 1. september hvert ár sbr. ákvæði 5.2.5. og í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga..

Þá eru starfs- og fjárhagsáætlanir Strætó bs. háðar samþykki eigenda í samræmi við fjármálareglur nýrra sveitarstjórnarlaga. Stjórn Strætó bs. hefur reglubundið eftirlit með að framkvæmdastjóri fylgi fjárhags- og starfsáætlun eftir. Stjórn Strætó bs. annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins.

5.3.3.

Veigamiklum og stefnumarkandi ákvörðunum skal stjórn Strætó bs. vísa til umfjöllunar eigendafundar.



5.4. Stefnumótun stjórnar

Stjórn Strætó bs. skal setja fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu og skilgreina í henni mælikvarða í rekstri fyrirtækisins.

5.4.1.

Stjórn Strætó bs. skal tryggja að stefna fyrirtækisins sé eigendum aðgengileg og starfsfólkini kunn. Stefnan skal hið minnsta fela í sér markmið í umhverfismálum, jafnréttis- og starfsmannamálum. Stjórn Strætó bs. skal jafnframt setja siðareglur fyrir starfsfólk fyrirtækisins.

Fundargerðir stjórnar Strætó bs. skulu vera opinberar og þær sendar eigendum reglulega. Stjórn Strætó bs. skal tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum og öðrum starfskjörum og setja fyrirtækinu starfskiarastefnu.

5.5. Starfsreglur stjórnar

Stjórн Strætó bs. ber að setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu á eigendafundi

5.6. Hæfi stjórnarmanna

Í stofnsamþykktum Strætó bs. skal kveðið á um hverjir eru kjörgengir til setu í stjórn fyrirtækisins. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfiskröfur sveitarstíðarlagða.

5.7. Formaður stjórnar

Formaður stjórnar ber ábyrgð á að stjórnin geti aflað sér viðtækrar þekkingar á fyrirtækinu og rekstri þess. Formaður ber einnig ábyrgð á því að stjórnin fái reglulega nákvæmar og skýrar upplýsingar um reksturinn og aðgang að öllum þeim gögnum sem hún þarf að hafa til að hún geti sinnt starfi sínu. Formanni ber að skýra stjórn fyrirtækisins frá öllum formlegum samskiptum sínum við eigendur er varða hag fyrirtækisins.

Frekari ákvæði um ábyrgð stjórnarformanns gagnvart stjórnarmönnum og verkaskipting hans og framkvæmdastíðra skal setja í starfsreldur stjórnar.

5.8. Framkyæmdastíðri

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrirtækisins, semur starfslýsingu hans og gengur frá starfslokum hans. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og stefnu stjórnar. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, síðsvörfslu og reikningshald og ráðningu starfsljáðs.

Framkvæmdastjóri sér um að bókhald fyrirþækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna fyrirþækisins sé með tryggiilegum hætti.

Starfsreglur stjórnar Strætó bs. skulu kveða nánar á um valdmörk og hlutverkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastíðra hyað varðar málnefni Strætó bs.

6. Samskipti og skýrslugjöf

6.1. Samskipti

Eigendur Strætó bs. leitast við að skapa stjórn fyrirtækisins það umhverfi að hún geti á hverjum tíma uppfyllt skyldur sínar í þágu hagsmuna fyrirtækisins og markaðrar stefnu eigenda.

Í þessu skyni skulu samskipti milli eigenda og fyrirtækisins vera eftir formlegum leiðum og leitast skal við að beina þeim í farveg aðalfunda og reglubundinna eigendafunda.

6.2. Upplýsingagjöf

Strætó bs. skal vera til fyrmynnar um upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingar um starfsemina skulu vera settar fram á þann hátt að almennir lesendur fái skýra sýn á hana.

6.3. Reglubundnar skýrslur

Reglubundin skýrslugjöf stjórnar Strætó bs. til eigenda er þessi:

- Ársskýrla, ársreikningur og umhverfisskýrla, sbr. gr.5.2.2., sem lögð eru fram á aðalfundi.
- Fjárhags- og starfsáætlanir, sbr. gr.5.2.5., sem lagðar eru fram á eigendafundi að hausti ár hvert.
- Árshlutareikningar og staða rekstursins miðað við fjárhagsleg markmið sbr. kafla 4 sem send eru eigendum.
- Umhverfisskýrla og grænt bókhald

Það er á ábyrgð handhafa eigendavalds að koma þessum upplýsingum á framfæri við sveitarstjórnir eigenda.

6.4. Önnur upplýsingagjöf

Stjórn skal upplýsa eigendur um óvenjuleg eða veigamikil atriði í rekstri þótt þau kalli ekki á ákvörðun af hálfu eigenda.

Óski byggðaráð eigenda eða einstakir fulltrúar í þeim eftir upplýsingum frá Strætó bs. skal beiðni um þær komið á framfæri á vettvangi byggðaráða og beint til stjórnar eða eftir atvikum framkvæmdastjóra Strætó bs. Byggðaráðum ber að virða trúnað komi fram rökstudd ósk um það eða kveði lög á um að um trúnaðarupplýsingar sé að ræða.

Eigendur skilgreina með hvaða hætti innri endurskoðun fyrir Strætó bs. er sinnt og skal innri endurskoðandi hafa aðgang að öllum upplýsingum í samræmi við alþjóðlegar starfsreglur sem um innri endurskoðun gilda. Um aðra upplýsingagjöf fer að lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum og reglum um birtingu fjárhagsupplýsinga.

7. Breytingar á eigendastefnunni

7.1 Breytingar á hlutverki og tilgangi fyrirtækisins

Breytingar á starfsemi fyrirtækisins sem ekki tengjast lögbundnum skyldum eigenda verða því aðeins gerðar að í þeim felist augljós og verulegur ávinnungur vegna úrlausnar verkefna sem falla undir lögboðin skylduverkefni eigendanna, og að slíkar breytingar stangist ekki á við eigendastefnu þessa eða gildandi lög.

Strætó bs. er ekki heimilt að stofna dótturfyrirtæki né gerast hluthafi í starfandi fyrirtæki nema samkvæmt sérstakri heimild eigenda. Í slíkum tilfellum skal leggja sama mat til hliðsjónar og hér að framan.

Tillögur að slíkum breytingum skulu lagðar fyrir og afgreiddar á eigendafundi eða regulegum eigendafundi.



7.2. Breytingar á eigendastefnunni

Tillögur að breytingum á eigendastefnu þessari þarf að leggja fyrir aðalfund sbr. grein 5.2.1. og koma fram með formlegum hætti eigi síðar en 4 vikum fyrir fundinn Samþykki allra eigenda þarf til breytinga á eigendastefnunni.

Ákvæði til bráðabirgða


Samþykkt eigendastefnu þessarar leiðir af sér að aðlaga þarf ákvæði stofnsamnings Strætó bs. að eigendastefnunni. Þar til þeirri aðlögun er lokið skulu ákvæði eigendstefnunnar gilda ef misræmi er á milli hennar og stofnsamnings.




Staðfest í borgarstjórn Reykjavíkur, 18.apríl 2013



Staðfest í bæjarstjórn Kópavogs, 23.apríl 2013



Staðfest í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, 24.apríl 2013



Staðfest í bæjarstjórn Garðabæjar, 18.apríl 2013



Staðfest í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, 30.apríl 2013



Staðfest í bæjarstjórn Seltjarnarness, 24.apríl 2013

Stjórn Strætó bs
b.t. Reynis Jónssonar
Þönglabakka 4
Pósthólf 9140
129 REYKJAVÍK

Kópavogi 25. júní 2013

Varðar: Eigendastefna fyrir Strætó bs

Meðfylgjandi er ný eigendastefna fyrir Strætó bs sem samþykkt hefur verið af öllum sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.

Í samræmi við ákvæði greinar 5.3.2 er gert ráð fyrir að kallað verði til eigendafundar vegna fjáhagsáætlunar síðari hluta ágústmánaðar. Tímasetning þess fundar verður ákveðin síðar.

Virðingarfyllst,



Páll Guðjónsson
Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson

